

Sent í tölvupósti til forráðamanna:

## UMSÓKNIR FYRIR NÆSTA VETUR

Sælir kærur nemendur og foreldrar

Senn líður að lokum þessa skólaárs og um leið hefst undirbúningur fyrir það næsta.

Við vonum að þið hafið hug á að halda áfram námi næsta vetur, en hvort sem þið viljið tryggja ykkur áframhaldandi skólavist eða hætta námi, biðjum við ykkur að segja til um það **fyrir 1. maí 2019**.

Svona farið þið að:

- Skráið ykkur inn í **Foreldragátt** á heimasíðu Tónlistarskóla Árnesinga [www.tonar.is](http://www.tonar.is).
  - Skráið ykkur inn með *rafrænum skilríkjum* eða *íslykli*
  - Finnið skjáhlutann: **Nemandi** (Ekki velja flipann Umsóknir neðst á síðunni).
  - Veljið **Heldur áfram** eða **Hættir** undir spurningunni *Heldur áfram námi?*
- Ef valið er **Heldur áfram** litast reiturinn grænn, ef valið er **Hættir** litast reiturinn rauður.

Vegna persónuverndarlaganna er einnig spurt:

*Má birta opinberlega í útgefnu efni, auglýsingum og á heimasíðu skólans myndir af nemanda teknar í starfi skólans?*

- Veljið **Já** eða **Nei** undir spurningunni *Myndbirting leyfð?*

Athugið að tónlistarskólanum er heimilt að birta myndir frá opinberum tónleikum skólans, en aðeins eru birtar myndir af nemendum þar sem allir geta verið stoltir af. - Myndir af nemendum eru ekki birtar á Facebooksíðu skólans.

\* Tónlistarskólinn ber ekki ábyrgð á myndatökum foreldra eða fjölmiðla á tónleikum, en biður foreldra að taka tillit til annarra flytjenda varðandi myndatökur og myndbirtingar.

- Í reitinn **Athugasemdir** getið þið skráð upplýsingar sem þið viljið koma á framfæri eða óskir um breytingar.

- **Yfirfarið** um leið (og leiðréttið ef þarf) upplýsingar um símanúmer, netföng og heimilisföng - með því að smella á hnappinn **Breyta** (undir upplýsingum um greiðanda og/eða fremst í skjáhlutanum Nemandi).
- Smellið á hnappinn: **Vista** til að staðfesta breytingar.

- Þar með er skráningu lokið.

- - -

Vanti ykkur aðstoð eða frekari upplýsingar skuluð þið óhikað hafa samband við okkur á skrifstofu tónlistarskólans í síma 482 1717.

Nánari upplýsingar um skólann og skólastarfið má nálgast á heimasíðu tónlistarskólans [www.tonar.is](http://www.tonar.is).

Bestu kveðjur,  
Helga Sighvatsdóttir  
skólastjóri

--

**Tónlistarskóli Árnesinga**

Eyravegi 9, 800 Selfoss

Sími 482 1717

Netfang: [tonar@tonar.is](mailto:tonar@tonar.is)

Veffang: [www.tonar.is](http://www.tonar.is)